



ORKA

hversu mikil er þín auðlindaneysla?

Verkefni fyrir 10 ára og eldri

Í þessum stutta leik eru nemendur að velta fyrir sér hegðun sinni í daglegu lífi og hversu auðlindafrek hún er.



Markmið

- Að kveikja áhuga nemenda á því að velta fyrir sér eigin nýtingu og sóun á auðlindum
- Að nemendur átti sig á mikilvægi þess að minnka eigið vistspor
- Að nemendur ræði hvernig þeir geta minnkað sitt vistspor



Framkvæmd

Allir nemendur sitja í kringum borð.

Í miðju borðsins eru litlir miðar í grænum, gulum og rauðum lit.

Kennarinn varpar upp spurningum á skjá/töflu og nemendur taka miða í þeim lit sem samsvarar svari þeirra við spurningunni.

Í lokin telja nemendur fjölda miða í hverjum lit og segja frá því.

Kennarinn leiðir í kjölfarið umræður um málefnið og tengingu þeirra við auðlindir.

Hér má nálgast spurningarnar

Verkefnið er tekið úr bókinni "Menntun til sjálfbærni - handbók fyrir kennara" eftir Guðrúnu Schmidt.